

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 131/1633*  
*komudagur 24.02.2005*

Dómsmálaráðuneytið,  
b/t hr. Björns Bjarnasonar, dómsmálaráðherra,  
Skuggasundi  
150 REYKJAVÍK.

Reykjavík, 12. nóvember 2004.

Við undirritaðir lögmenn, sem allir höfum áralanga reynslu af hagsmunagæslu í skaðabótamálum, leyfum okkur nú, hr. dómsmálaráðherra, að vekja athygli yðar á brýnu hagsmunamáli sem kallar á nauðsynlegar úrbætur á gildandi skaðabótalögum.

Skaðabótalögum nr. 50/1993 var breytt árið 1999, sbr. lög nr. 37/1999, og var sú breyting mikil réttarbót. Á hinn bóginn voru þá jafnframt lögleiddar frádráttarreglur vegna greiðslna frá þriðja aðila, reglur sem komið hafa sérstaklega hart niður á tveimur hópum; ekkjum/ekklum og alvarlega slösuðu fólki.

Alvarlega slasað fólk, sem metið er með meira en 50% varanlega örorku, á rétt á örorkulífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins og þeir fátækustu og verst settu eiga einnig rétt á ýmiss konar viðbótargreiðslum svo sem tekjutryggingu, tekjutryggingarauka, heimilisuppbót, bensínstyrk o.fl. Áður en lögnum var breytt árið 1999 var viðurkennt af löggjafans hálfu að fjárhagslegt tjón sem

rætur ætti að rekja til mikillar og alvarlegrar örorku yrði seint bætt að fullu með peningum og þess vegna voru greiðslur af þessum toga ekki dregnar frá skaðabótum. Þessu var sem fyrr segir breytt árið 1999 og slíkar bætur dregnar frá þessum hópi mikið slasaðra einstaklinga og þeim til sérstaks tjóns þar sem það er alls ekki öruggt að viðkomandi fái bæturnar um ókomna framtíð. Þessar greiðslur eru meðal annars háðar hjúskaparstöðu hins slasaða og þeim breytingum á lögum sem kunna að verða í framtíðinni. Þær geta líka skerst vegna tekna hans, bæði launatekna og einnig fjármagnstekna, þar á meðal fjármagnstekna af þeim skaðabótum sem hinn slasaði fær greiddar, en þær skaðabætur hafa einmitt verið lækkaðar með útreikningsforsendum skaðabótalaga vegna þessara sömu fjármagnstekna sem gert er ráð fyrir að hinn slasaði fái í mörg ár eða áratugi, allt til 67 ára aldurs.

Sem dæmi um hve íþyngjandi þetta er skal bent á dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 520/2002 frá 18. september 2003:

Tjónþolin sem í hlut átti var pólsk kona sem kom til Íslands til að starfa í fiskvinnslu. Hér hafði hún verið í rúma 8 mánuði þegar hún missti handlegg í vinnuslysi og hlaut af 70% varanlega örorku.

Heildartjón var reiknað sem 11.409.764 kr. Eingreiddar bætur 5.005.022. Bótakrafa var skert um 6.404.742 kr. vegna ætlaðra framtíðargreiðslna almannatrygginga, 56% skerðing.
---

Skal nú vikið að réttarstöðu eftirlifandi maka. Samkvæmt skaðabótalögnum í upphaflegri mynd frá árinu 1993 átti eftirlifandi maki, ekkja eða ekill, að fá 30% af þeim bótum sem hinn látni maki hefði fengið ef hann hefði lifað með algera örorku. Án þess að séð verði að það hafi verið hugmyndin voru bætur til eftirlifandi maka lækkaðar stórkostlega með lagabreytingunni 1999. Það gerðist þannig að nú á að draga frá ímyndaðar greiðslur sem makinn fær ekki. Ef hinn látni hefði lifað hefði hann átt rétt á bótum úr almannatryggingum og úr lífeyrissjóði sínum vegna örorkunnar. Þær greiðslur fær maki ekki en

samkvæmt lögnum á engu að síður að taka tillit til þessara greiðslna eins og þær hefðu verið greiddar og draga þær frá áður en tjón makans er reiknað út.

Til skýringar skal bent á dóm Hæstaréttar í máli nr. 283/2003 frá 29. janúar 2004:

Tjónþoli missti eiginmann sinn í vinnuslysi. Tryggingafélag atvinnurekanda byggði á að draga ætti frá þær greiðslur sem hinn látni hefði átt rétt á úr almannatryggingum og lífeyrissjóði hefði hann lifað við 100% örorku, og greiða tjónþolanum svo 30% af afganginum. Á þetta féllst Hæstiréttur.

Heildartjón var reiknað sem 7.052.096 kr. Eingreiddar bætur 4.091.408 kr. Bótakrafa var skert um 2.960.688 kr. vegna ímyndaðs bótaréttar hins látna úr almannatryggingum, 41% skerðing.
---

Undirritaðir telja að þetta hafi ekki verið tilgangur lagabreytinganna 1999 heldur hafi þessar afleiðingar verið ófyrirséðar. Því hlýtur að vera vilji til þess að koma við nauðsynlegum og réttmætum lagfæringum. Af þessu tilefni leyfum við undirritaðir okkur að gera þá tillögu að 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga verði breytt í eftirfarandi horf:

*"Frá skaðabótakröfu vegna líkamstjóns dragast eingreiðslur sem tjónþoli fær frá almannatryggingum, bætur frá slysatryggingu ökumanns eftir umferðarlögum og bætur frá sams konar slysatryggingu manns er slasast sem farþegi í eigin ökutæki. Greiðslur frá sammings- eða lögbundinni atvinnuslysatryggingu launþega dragast frá skaðabótakröfu hans á hendur vinnuveitanda þeim sem slysatrygginguna keypti. Bætur samkvæmt lögum um sjúklingatryggingu skal einnig draga frá skaðabótakröfu. Jafnframt skal draga frá skaðabótakröfu 40% af reiknuðu eingreiðsluverðmæti örorkulífeyris frá lífeyrissjóði og skal við útreikninginn miðað við 4,5% ársafvöxtun. Aðrar greiðslur sem tjónþoli fær frá þriðja manni vegna líkamstjóns, svo sem lífeyrissjóði,*

*almannatryggingum eða vátryggingafélagi, dragast ekki frá skaðabótakröfu."*


Með sama hætti leggjum við til eftirfarandi breytingu á 1. mgr. 13. gr. skaðabótalaga:

*"Bætur fyrir missi framfæranda til maka eða sambúðarmaka skulu vera 30% af bóttum þeim sem ætla má að hinn látni mundi hafa átt rétt á fyrir algera (100%) örorku, sbr. 5.–8. gr. án frádráttar. Bætur skulu þó nema ekki lægri fjárhæð en 3.000.000 kr. nema sérstaklega standi á."*


Með þessum tillögum teljum við að með málefnalegum hætti sé brugðist við framangreindum annmörkum á lögnum. Vissulega má hugsa sér aðrar útfærslur þessa, sem þó mundu leiða til þess að sama markmiði yrði náð.

Með vísan til þess hversu mikilvægt þetta mál er leyfum við okkur að senda formanni allsherjarnefndar Alþingis afrit bréfs þessa. Við lýsum okkur ennfremur reiðubúna til þess að veita alla þá aðstoð sem á okkar færi er að veita, til að þessi brýna réttarbót nái fram að ganga


Virðingarfyllst,



Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.



Karl Axelsson hrl.



Björn L. Bergsson hrl.

*Afrit sent Bjarna Benediktssyni, formanni allsherjarnefndar Alþingis.*